

Veiðistaðir í Blöndu í Langadal

Sigurður Guðjónsson Maí 1993


Veiðimálastofnun

VMSTR/93018X

Eintak bókasafns

VMST-R / 93018

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vistfræðideild

Veiðistaðir í Blöndu í Langadal

Sigurður Guðjónsson Maí 1993

Veiðimálastofnun

VMSTR/93018X

X = heft útbreiðsla, ekki má vitna til skýrslunnar án leyfis höfundar

Unnið fyrir Landsvirkjun

Blanda (NV)
Svartí (NV)

Inngangur

Vegna virkjunar Blöndu hafa orðið miklar breytingar á rennslisháttum og svifaurmagni í ánni. Þetta hefur valdið breytingum á fiskgöngum í ánni. Nú gengur lax og sjóbleikja greiðar upp fyrir Ennisflúðir og upp ána en áður var (Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1993). Þessar breytingar valda því að minna veiðist af laxi neðst í Blöndu og meira í Svartá. Heildarveiðihlutfall úr fiskgöngum í Blönduvatnakerfinu lækkaði vegna virkjunarinnar. Möguleikar eru á að veiði megi stunda í Blöndu í Langadal en veiði var lítið stunduð þar fyrir virkjun nema þegar áin var lítið gruggug. Ef tekst að koma upp veiði í Langadal næst betri veiðinýting úr fiskgöngum. Til þess að stuðla að því var Blanda í Langadal skoðuð með tilliti til hugsanlegra veiðistaða og er gerð grein fyrir þeirri skoðun í þessari skýrslu.

Veiðifélag Blöndu og Svartár hefur skipt ánni í þrjú veiðisvæði. Fyrsta svæði er á hefðbundinni veiðislóð í Blöndu neðan Ennisflúða þar sem veitt er með 4 stöngum. Annað svæði er í Langadal frá ós Breiðavaðslækjar að efsta grjótgarði ofan Auðólfstaðaáróss að austan og að línu frá Svartárbrú að vestan og eru nú 4 stangir á þessu svæði. Þriðja svæðið er þar ofan við með 2 stangir. Í Svartá er veiðin leigð út sérstaklega eins og verið hefur með 3 laxastangir, en auk þeirra eru silungastangir ofar í ánni. Það er fyrst og fremst annað veiðisvæðið sem hér er til umfjöllunar hvað varðar veiðistaði, þar sem bæði lax uppruninn úr Svartá og Blöndu fara um þetta svæði. Á þriðja svæði hefur veiði ekki verið stunduð heldur, en þar er væntanlega minna af fiski á ferð og betra að átta sig á veiðistöðum þar sem halli árinna er meiri og hyljir og brot afgerandi.

Aðferðir

Dagana 26-29. apríl 1993 var Blanda í Langadal skoðuð með tilliti til hugsanlegra veiðistaða. Sumir staðana eru þekktir veiðistaðir frá fyrri tíð. Farið var með ánni og vænlegir staðir skoðaðir nánar. Áin var öll skoðuð að austanverðu frá Breiðavaðslæk og upp að veiðiskilum ofan við ármót Auðólfstaðaár og að vestanverðu frá Svarthamri, veiðistað gegnt bænum Geitaskarði, og upp að veiðimörkum ofan við ármót Svartár. Neðan við Geitaskarð rennur áin í þrengri farvegi og sáust báðir bakkar frá austurbakkanum. Til stuðnings voru notuð kort af svæðinu frá Landmælingum Íslands svo og loftmyndir. Einnig var stuðst við skýrslu Skúla Víkingssonar og Sigbjarnar Guðjónssonar (1984) um farveg Blöndu í Langadal. Líklegir staðir voru síðan merktir með

gulum og rauðum tréhælum og hverjum veiðistað gefið númer. Neðsti staður var númer 1 og síðan hækkuðu númer upp áнна. Efsti staður fékk númer 30. Veiðistaðir á svipuðum slóðum við austur- og vesturbakka fengu sömu númer. Staðir þar sem líklegt var að fiskur stoppaði voru; hyljir, grýttar breiður, lygnur undir torfbökkum, grýtt svæði neðst í strengjum svo dæmi séu tekin. Einnig voru skissaðar upp hugmyndir að því hvernig bæta mætti suma staðina til veiða með aðgerðum, svo sem grjóthleðslum og fleiru. Í því sambandi skal bent á ritið Fallvötn og Landbrot (Davíð Egilsson og fleiri 1990).

Niðurstöður og umræða

Það skal tekið fram í upphafi að hér er ekki tæmandi skoðun á mögulegum veiðistöðum í Langadal, enda stuttum tíma varið í skoðun á víðáttumiklu og löngu veiðisvæði. Tilgangurinn var sá að finna líklega staði til leiðbeiningar fyrir veiðimenn. Reynslan verður svo dómarinn á hvort fleiri staðir finnast og hvernig merktu staðirnir reynast. Alls voru merktir 30 hugsanlegir veiðistaðir eða veiðisvæði (Mynd 1), þar sem sumir staðirnir eru alllangir. Verður nú gerð betri grein fyrir þessum stöðum.

Staður 1 er við ós Breiðavaðslækjar. Staðurinn er ekki vænlegur veiðistaður eins og er, en laga mætti hann með því að setja út nokkur stórgrýti sem mynda mundu legustað fyrir fisk. (Mynd 2) Hins vegar er klapparbotn á þessum stað þannig að ekki er tryggt að grjót myndi haldast kyrrt.

Staðir 2-6 eru á kafla frá Breiðavaði að Engihlíð. Áin rennur í þröngum farvegi á þessum slóðum og er halli allnokkur á farveginum. Það skiptast á löng eyrarbrot með þungum straum (breiður) og lygnari svæði (lygnur) á milli. Neðst og efst á lygnunum gæti fiskur legið þar sem grýtt er, en erfitt er að sjá hvar slíkir staðir eru. Reynslan verður að skera úr um hvort og hvar slíkir staðir finnast og hvoru megin ár er betra að veiða á hverjum stað, en lítið vegasamband er að ánni að vestan á þessu svæði. Hugsanlegt er að útbúa veiðistaði á þessum slóðum með stórgrýti sem sett yrði neðst í breiðurnar og efst í lygnurnar (Mynd 3).

Staðir 7-11 eru á kafla frá Engihlíð að Geitaskarði. Talsverður halli er á farveginum og eru sums staðar allnokkuð grýtt brot í ánni. Áin rennur í bugðum og beygjum. Á nokkrum stöðum rofmegin í beygjum eru vænlegir veiðistaðir og eins neðst í grýttum brotum. Á sumum þessara staða hefur veiðst. Bæta má staði á þessum slóðum með grjótgörðum og með því að koma steinum fyrir úti í ánni (Mynd 4).

Ofan við Geitaskarð er aurasvæði þar sem halli árinna er minni og hún lygnari. Áin rennur gjarnan frá öðru landinu að hinu í aflíðandi beygjum. Mögulegir veiðistaðir eru einkum rofmegin í slíkum beygjum. Sum staðar kvíslast áin einnig nokkuð um sandeyrar.

Staður 12 er einn slíkur veiðistaður þar rennur áin með vesturlandinu rétt ofan við Svarthamar, sem er klettur sem gengur út að ánni, gegnt bænum Geitaskarði. Þar er langur torfbakki sem áin rífur úr. Undir bakkanum er mögulegir veiðistaðir. Bæta mætti staðinn með grjóthleðslum (Mynd 5) en ef til vill er erfitt að komast að honum með tæki.

Staður 13 er ekki dæmigerður fyrir svæðið. Við Fagranes hefur fyrir löngu fallið skriða yfir ána og áin grafið sig í gegn, en skriðan þrengir að henni. Myndast þar svokallað Mjósund. Þar er góður möguleiki á veiðistað og auðvelt að lagfæra staðinn ef með þarf (Mynd 6). Hafa bændur á Holtastöðum áhuga á að ráðast þarna í framkvæmdir.

Staðir 14-21 eru á svæðinu frá Fagranesi að Gunnsteinsstaðahólum og eru allir rofbakkar þar sem áin liggur að landinu og þar er mikið dýpi. Hugsanlegir veiðistaðir báðum megin í dalnum. Á stað 19 hefur veiðst lax. Bæta má staðina með grjótgörðum (Mynd 5).

Staðir 22 og 23 eru neðan og ofan við Auðólfstaðaána og er líklegt að þangað sækir fiskur að minnsta kosti sá fiskur sem elst upp í Auðólfstaðaánni, enda hefur veiðst þarna lax. Staðir 20 og 21 eru vænlegir af sömu ástæðu. Staður 23 er góður veiðistaður við grjótnargarða vegagerðarinnar, en staður 22 er lygna neðan við ármótin og má reyna þar og einnig neðar undir torfbakka (staður 21) og í streng þar neðar (staður 20). Hinu megin ár (20) eru rofbakkar við eyðibýlið Kárastaði, þar sem veiðst gæti. Lagfæra þyrfti svæðið við ós Auðólfstaðaár (Mynd 7).

Staðir 24 til 30 eru að vestanverðu frá stað gegnt Æsustöðum og að veiðiskilum svæða 2 og 3 í Blöndu sem er í línu frá Svartárbrú.

Staðir 24-26 eru djúpir álar þar sem áin liggur að klapparbakka gegnt Æsustöðum. Ef grýtt er í botninn sem er sennilegt er líklegt að fiskur staldri þar við og er þar með kominn veiðistaður. Koma mætti grjóti út í ána ef það skortir en hins vegar er mjög erfitt að komast að ánni á þessum slóðum með tæki.

Staðir 27-30 eru ofan við ármót Svartár, ofan og neðan við Tungunes. Staðir 27, 29 og 30 djúpir álar undir háum torfbakka sem áin er að rjúfa. Staður 28 er strengur og hylur neðan við strenginn út af Tungunesi. Straumur er orðin meiri í ánni á þessum slóðum, enda halli farvegarins meiri. Á þessum slóðum hefur fengist lax í klakveiði.

Líklegt er að fiskur veiðist þarna og sennilega er ekki þörf á aðgerðum, enda erfitt með aðkomu. Ef úrbóta er þörf eru þær svipaðar og neðar í dalnum (Mynd 5).

Að stað 20 að vestan og stöðum 24-30 er einungis unnt að komast fótgangandi talsverða vegalengd annað hvort frá eyðibýlinu Ásum eða frá línuvegi skammt frá eyðibýlinu Tungunesi.

Svo virðist sem að í Langadal gæti orðið veiði. Ágætir bleikjuveiðistaðir eru í dalnum og þokkalegir laxveiðistaðir að því er virðist.

Eðlilegt er að fá reynslu hvort og hve mikið veiðist í sumar áður en ráðist er í miklar framkvæmdir. Reynslan verður einnig að skera úr um hversu vel einstaka veiðistaður gefur og hvort nýir veiðistaðir finnast. Mjög mikilvægt er að skráning verði góð á hvar fiskur veiðist, hvoru megin ár og um veiðimagn, auk upplýsinga um fiskinn sem veiðist. Ekki er óeðlilegt að það taki einhver sumur að þróa veiði til fulls í Langadal. Miklu skiptir einnig, hvað veiði í Blöndu varðar á komandi árum, hvernig rennsli og svifaurmagni verður háttað, en það ræðst mikið af rekstri virkjunarinnar.

Þakkarorð

Með í skoðun veiðistaða voru Hugrún Gunnarsdóttir, fiskifræðingur á Landsvirkjun og Ágúst Sigurðsson og Halldór Maríasson, stjórnarmenn í Veiðifélagi Blöndu. Er þessum aðilum færðar þakkir fyrir þeirra aðstoð.

Heimildir

Friðjón Már Viðarsson og Sigurður Guðjónsson 1993. Rannsóknir á göngufiski í vatnakerfi Blöndu 1992. Veiðimálastofnun VMSTR/93004.


Skúli Víkingsson og Sigbjörn Guðjónsson 1984. Blönduvirkjun. Farvegur Blödu neðan Eiðsstaða 1. Landmótun og árset. Orkustofnun. OS-84046/VOD-06.

Davíð Egilsson, Freysteinn Sigurðsson, Helgi Jóhannesson, Páll Sigurðsson, Sigurður Guðjónsson, Sigurður Már Einarsson og Stefán H. Sigfússon 1990. Fallvötn og landbrot. Rit gefið út sameiginlega af Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndarráði, Orkustofnun, Vegagerð ríkisins og Veiðimálastofnun.




Mynd 1. Líklegir veiðistaðir í Blöndu í Langadal.







Mynd 2. Ós Breiðavaðslækjar. Tillaga að lagfæringum.




Mynd 3. Tillaga að lagfæringum á veiðistöðum á svæðinu Breiðavaði að Engihlíð




Mynd 4. Tillaga að lagfæringum á svæðinu Engihlíð að Geitaskarði



Mynd 5. Tillaga að lagfæringum á veiðistöðum víða í Langadal



Mynd 6. Tillaga að lagfæringu á veiðistað við Fagranes



Mynd 7. Tillaga að lagfæringum á veiðistað við ós Auðólfstaðáar